

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þarf.

**43.Umdæmisþing Kiwanisumdæmisins Ísland-Færeyjar, haldið í Kaplakrika Hafnarfirði 13-15 september 2013**

## Þinggerð

### Þingsetning í Hafnarfjarðarkirkju

Setning 43.Umdæmisþings Kiwanisumdæmisins Ísland-Færeyjar fór fram í Hafnarfjarðarkirkju, laugardaginn 13.september kl: 20:30. Formaður þingnefndar Þýri Marta Baldursdóttir bauð gesti velkomna og kynnti dagskrá kvöldsins. Hjördís Harðardóttir umdæmisstjóri flutti stutt ávarp og setti formlega þingið. Ávörp fluttu: Séra Þórhildur Ólafs sóknarprestur Hafnarfjarðarkirkju, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri Hafnarfjarðar flutti stutt ávarp og Unglingakór Hafnarfjarðarkirkju flutti Sálminn um fuglinn eftir Olgu Guðrúni Árnadóttur og einnig Ef þig langar að singja eftir ókunnan höfund. Rétt um klukkan 21:15 var fundi frestað til kl. 09:00 laugardag.

### Þingfundi framhaldið í Sjónarhóli Kaplakrika Hafnarfirði

Þingi var framhaldið í Kaplakrika laugardaginn 14.september kl. 09:00 Hjördís Harðardóttir umdæmisstjóri setti fundinn og bauð alla fundarmenn velkomna og að því loknu setti Hjördís dagskrána að nýju. Hjördís ræddi um að fundarmenn hefðu minnst látinna féлага á setningunni sem fallið hafa frá á árinu og að því tilefni kveikti hún á hvítu kerti sem yrði látið loga á þinginu.

### Skýrslur umdæmisstjórnar og umræður um þær

- ✓ Skýrsla umdæmisstjóra- Hjördís Harðardóttir
- ✓ Skýrsla umdæmisritara- Hörður Baldvinsson
- ✓ Skýrsla umdæmisféhirðis- Guðbjörg Brynja Pálsdóttir

### Skýrslur svæðisstjóra

- ✓ Freyjusvæði- Snjólfur Fanndal
- ✓ Færeyjasvæði-Petur Olivar í Hoyvík
- ✓ Óðinssvæði-Gunnsteinn Björnsson
- ✓ Ægissvæði- Konráð Konráðssonar (51 min)

*Sjá má allar skýrslur umdæmisstjórnarmanna í þingblaði*

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þarf.

- Að loknu ávarpi Konráðs svæðisstjóra Ægissvæðis, tilkynnti Hjördís að vegna veikinda gæti Pétur Jökull Hákonarson ekki verið á þinginu en lesa mætti skýrslu hans í þingblaðinu. Ragnar Örn kom upp og byrjaði hann á því að þakka fyrir ágætar skýrslur stjórnar og vildi ræða um tvö ólík mál. Í fyrsta lagi að mikilvægt væri að umdæmið héldi vel utan um félagan okkar í Færeyjum og gættu þess að þeir gætu fylgt vel með hvað færi fram í umdæminu. Í öðru lagi kom hann með tillögu til 43. Umdæmisþings sem er svo hljóðandi: „*Umdæmisritara verði falið að gera breytingar á skýrslum sem ritara senda frá sér mánaðarlega og að í stað að þeir fylli út sérstök exelskjöl verði skýrslan fyllt út á heimasíðu umdæmisins með rafrænum hætti*“ Ragnar skýrði allvel út hvernig hægt væri að standa að þessum breytingum og vitnaði til skýrslu umdæmisritara. Petur Olivar svæðisstjóri Færeyjasvæðis kom í pontu og benti fundarmönnum á að ekki væru allir kiwanisfélagar vel tölvufærir og því væri nauðsynlegt að breyta skýrslugerðinni og gera hana með þeim hætti að sem flestir geti gert mánaðarskýrslunar með sómasamlegum hætti. Engar frekari umræður voru um skýrslur umdæmisstjórnar og var boðað til kaffihlés í 10 mín. Að loknu kaffihléi kom Þyri Marta Baldursdóttir formaður þingnefndar upp og ræddi um makaferð, galaballið og eitt og annað tengt ballinu. Hjördís kom upp og sagði að samkvæmt umdæmislögum skyldi umdæmisstjóri skipa kjörbréfanefnd og kjörnefnd og yrði hvor nefndin að vera skipuð af minnst þrem kostningabærum félögum og sagðist hún hafa beðið Ástbjörn Egilsson að vera formaður kjörbréfanefndar og Ragnar Örn að vera formaður kjörnefndar og bað Ástbjörn að koma upp og skýra frá starfi nefndarinnar. Ástbjörn kom með tilkynningu frá Kjörbréfanefnd þess eðlis að 86 fulltrúar hafa náð sér í gögn auk umdæmisstjórnar og nefndarformanna og því ættu að vera rétt um 110 atkvæðabærir menn að vera í salnum.

**Fjárhagsáætlun umdæmisins 2013-2014.** Arnór L Pálsson formaður fjárhagsnefndar kom upp og kynnti fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2013-2014 og fjárhagsáætlun fyrir Kiwanisfrétta fyrir starfsárið 2013-2014 og gaf að lestri loknum fundarmönnum kost á að koma með fyrirspurnir, en fjárhagsáætlanirnar eru báðar samandregnar í þingblaðinu.

**Fyrirspurnir:** Benidikt Kristjánsson Kiwanisklúbbum Skjálfanda kom með fyrirspurn varðandi húsnæðiskostnað og afborganir af hinu nýja húsnæði umdæmisins að Bildshöfða 12 í Reykjavík. Atli Heiðar Þórsson svaraði fyrirspurninni á þann veg að uppgefnar tölur væru afborganir, fasteignagjöld, hiti og rafmagn ásamt þeim lögboðnum tryggingum sem skylt væri að hafa.

*Fjárhagsáætlun umdæmisins 2013-2014 var borin upp til atkvæða og var fjárhagsáætlunin samþykkt einróma.*

*Fjárhagsáætlun fyrir Kiwanisfréttir 2013-2014 var einnig borin upp til atkvæða og var fjárhagsáætlunin samþykkt einróma.*

Hjördís benti á að samkvæmt lögum umdæmisins ættu þrír aðilar í fjárhagsnefnd og væru þeir skipaðir á umdæmisþingi og að þessi sinni væri einn aðili að hætta störfum í nefndinni, en Guðmundur Baldursson gæfi kost á sér og óskaði Hjördís eftir hugmyndum fundarmanna um einhvern annan frambjóðanda, en enginn bauð sig fram og því væri Guðmundur sjálfkjörinn með lófaklappi fundarmanna.

## *Ársreikningur 2011-2012*

Birgir Sveinsson fyrrverandi gjaldkeri lagði fram ársreikninga umdæmisins fyrir starfsárið 2011-2012 undirritaða af skoðunnarmönnum umdæmisins, þeim Gunnari R. Einarssyni og Guðmundi Péturssyni.

**Fyrirspurnir:** Gylfi Ingvarsson óskaði eftir upplýsingum um misræmi sem væri á milli þeirra upplýsinga sem Birgir ræddi um og þeim upplýsingum sem kemur fram í þingblaðinu. Birgir gat útskýrt misskilninginn og var Gylfi sæmilega sáttur við þær útskýringar. Forseti Búrfells Jón Ólafur Vilhjálmsson óskaði eftir nánari útskýringum á misræmi á sundurliðuninni sem kemur fram í þingblaðinu. Birgir gar skýrt út hver misskilningurinn væri og var Jón þokkalega sáttur eftir greinargóða útskýringu Birgis. Ástbjörn Egilsson kvað sér hljóðs og kom í pontu og benti á að upplýsingar varðandi ársreikningana væru að berast seint og illa og oft væri ekki mögulegt að kanna alla reikninga gaumgæfilega áður en þingblaðið færi í prentun. Ástbjörn benti á að mikilvægt væri að allar upplýsingar kæmu tímalega svo hægt væri að skoða betur allar forsendur. Birgir Sveinsson kom upp í pontu og skýrði frá misræmi í kostnaðaráætlunum og benti á

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanishjartað er allt sem þarf.**

að því miður væri ekki alltaf unnt að fara eftir útgefnum fjárhagsáætlunum, því þær væru í eðli sínu áætlanir og væru einungis leiðbeinandi. Atli Heiðar Þórsson skýrði frá því hvernig leysa ætti tap sem kom upp vegna vanreiknaðara fyrri kostnaðaráætlana. Benidikt Kristjánsson Skjálfanda óskaði eftir því að hægar yrði farið yfir reikninga umdæmisins á fundinum svo félagsmenn gætu fylgst betur með. Ragnar Örn Pétursson kom upp og taldi að fjárhagsnefnd og embættisnefnd yrðu að tala betur saman svo ekki verði misræmi með þessum hætti í fjárhagsáætlun. Tók hann dæmi um t.d. um ferðakostnað sem væri kannaður einu ári áður en ferðin væri farin og að mjög líklegt væri að ýmsar forsemdur væru ekki þær sömu í upphafi og loks þegar viðkomandi ferð væri farin. Ástbjörn Egilsson ræddi um mikilvægi þess að skoða reikningana og benti einnig á að lög hreyfingarinnar kveði svo á um að bannað sé að fara fram úr kostnaðaráætlunum. Hann vildi áréttta að ef fjárhagsnefnd sæi fram á að fjárhagsáætlunin færi fram úr settum markmiðum ætti að stilla áætluna af,ef eða þegar þess þyrfti. Eyjólfur Sigurðsson kom upp og vildi ræða tvö aðskilin mál. Í fyrsta lagi að kostnaður Umdæmisins væri orðinn umtalsverður vegna ferðalaga umdæmisstjóra og kjörumdæmisstjóra og lagði Eyjólfur áherslu á mikilvægi þess að skoða þann kostnað ofan í kjölin ,einnig vildi hann fá að vita um erlenda styrki sem umdæminu hafi áskotnast á starfsárinu og einnig í hvað þeir fjármunir hafa verið notaðir. Birgir Benidiktsson forseti Kiwanisklúbbsins Heklu benti á misræmi milli áætlana í ársreikningunum og óskaði eftir skýringum á þessu misræmi sem þar væri. Birgir Sveinsson útskýrði reikninginn eins vel og ítarlega og hann gat. Svavar Svavarsson Hraunborg hvað sér hljóðs og spurði hvort ekki ætti að samþykja ársreikninginn áður en lengra væri haldið. Ragnar Örn kom upp og útskýrði í smáatriðum hvernig reikningarnir væru sundurliðaðir. Birgir Sveinsson kom upp og var með nánari skýringu á uppsetning ársreikningsins. Atli Heiðar Þórsson kom einnig í pontu og svaraði Eyjólfvi hvernig erlendir styrkir væri færðir í bókhaldið.

***Gengið var til kostninga um ársreikninga 2011-2012 og voru þeir samþykktir einróma.***

Skoðunarmanna reikninga starfsársins 2013-2014 verða þeir sömu og á fyrra ári eða Gunnar R Einarsson og Guðmundur Pétursson.

***Skoðunarmenn ársreikninga 2013-2014 voru samþykktir samhljóða af fundarmönnum.***

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanishjartað er allt sem þarf.**

**Lagabreytingar:** Engar lagabreytingar voru bornar upp að þessu sinni.

- **Afhending viðurkenninga**

Á þessu þingi fengu allmargir klúbbar viðurkenningar fyrir að hafa staðist fyrirmyndarviðmiðin á starfsárinu en þessir klúbbar voru:

Jörfi, Þyrill, Hekla, Skjálfandi, Embla, Drangey, Hraunborg, Sólborg, Eldborg, Eldey, Hof, Varða, Helgafell og Ós. Fulltrúar þessara klúbba komu upp og tóku við viðurkenningum.

Formaður Þingnefndar Þyrí Marta Baldursdóttir kom upp og kom með nokkrar tilkynningar.

Hjördís Harðardóttir umdæmisstjóri kallaði upp formenn nefnda (Allar nefndir) og fjallaði hún um alla þá vinnu sem tengdust nefndarstörfunum og færði formönnunum smá þakklætisgjöf frá umdæminu af þessu tilefni.

Ragnar Örn Pétursson fráfaramandi umdæmisstjóri bað fulltrúa þriggja framúrskarandi klúbba að koma upp og taka við viðurkenningum frá heimsstjórninni fyrir frábær störf meðan Ragnar var sjálfur umdæmisstjóri, en þessi klúbbar voru Skjálfandi, Eldey og Eldfell.

## Hádegishlé 12:00-13:00

- Að hádegisverði loknum veitti umdæmisstjóri viðurkenningar fyrir vel unnin störf. Konráð Konráðsson fékk viðurkenningu sem fyrirmyndarsvæðisstjóri og einnig fékk Benidikt Kristjánsson frá Kiwanisklúbbum Skjálfanda viðurkenningu sem fyrirmyndarfélagi. Að lokum fékk Ástbjörn Egilsson formaður laganefndar viðurkenningu fyrir mikil og förnfús störf í þágu umdæmisins í gegnum tíðina.
- **Ungliðaklúbburinn Blámi:** Svavar og Anna Lára úr Ungliðaklúbbum Bláma komu og voru með kynningu á sumarþúða ferð sem þau fóru til Wuppertal í Þýskalandi s.l. sumar sem var á vegum Kiwanis í Evrópu. Það var greinilegt að sumarþúðir sem þessar eru afskaplega skemmtilegar og hollar fyrir ungt Kiwanisfólk.
- **Ávörp erlendra gesta:** Þeir Colin Reichle, Arne Johan Sigstad og Ralf Otto Gogolinski ásamt Joe Knopp voru erlendir gestir á umdæmisþinginu að þessu sinni og fluttu þeir allir ávörp, þar sem þeir þökkðu fyrir frábærar móttökur og skemmtilegar skoðunarferðir.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanishjartað er allt sem þarf.**

Voru þeir allir sammála um að tekist hafi vel til með umdæmisþingið og mættu önnur umdæmi taka skipulagninguna sér til fyrirmyndar.

Ralf Otto Gogolinski veitti viðurkenningu til þeirra þriggja klúbba sem heldu utan um skipulagningu þingsins, en þeir klúbbar voru Hraunborg, Eldborg og Sólborg og fengu þeir allir fána að gjöf frá Evrópuforseta.

- **Stefán Ingi Stefánsson framkvæmdastjóri Unicef á Íslandi:** Stefán fjallaði um Unicef og samstarf Unicef við Kiwanis á alþjóðavísu. Hann fjallaði um verkefni sem hann var vitni að í Afríku, en þar hafði Unicef ásamt Kiwanis verið með verkefni sem snérist um að joðbæta salt. Hann fjallaði einnig um Eliminate verkefnið sem verið er að vinna að. Hann ræddi um þá vinnu sem forvarsmenn hreyfingunnar ásamt Unicef hafa verið að vinna í á s.l ári. Hann sagði að það væri mikil tilhlökkunarefni að fá að vinna með Kiwanishreyfingunni í framtíðinni.
- **Eyjólfur Sigurðsson:** Eyjólfur flutti mjög fróðlegt erindi um 50 ára sögu Kiwanis og fjallaði hann um tilurð þess að Kiwanis kom til Íslands. Að lokum bað hann Heklufélagi að koma upp og færa umdæmisstjóra mynd af stofnfélögum Heklu sem tekin var 1963 og vonaðist Eyjólfur til þess að umdæmið mundi hengja myndina upp í húsakynnum umdæmisins að Bíldhöfða 12 Reykjavík.
- **Styrktarsjóður:** Sæmundur Sæmundsson kom upp fyrir hönd styrktarsjóðsins og færði Kristínu Jónsdóttur hjúkrunarforstjóra frá Sólvangi gjafabréf fyrir kaup á ungbarnavigt fyrir stofninina. Kristín þakkaði fyrir frábæra gjöf og sagði sem svo að þetta væri ekki í fyrsta skipti sem Kiwanishreyfingin styrkti Sólvang, en hér á árum áður hafi Kiwanishreyfingin gefið ýmsan búnað af svipuðu tagi.
- **Útbreiðslunefnd:** Guðmundur Skarphéðinsson flutti skýrslu nefndarinnar, en Guðmundur nefndi að afar mikilvægt væri að klúbbar settu sér takmark varðandi fjölgun félaga í hreyfingunni, en í mörgun tilfellum nenntu félagar ekki að fjölga í sínum klúbbum. Hann fjallaði um fjölgunarráðstefnuna sem var haldin í Hafnarfirði og margar áhugaverðar upplýsingar hefðu komið þar fram og mættu forsetar klúbba búast við því að fá bréf frá nefndinni þess efnis að skerpa á vitund félaga til fjölgunar. Nefndi Guðmundur að lokum að meðann hann var forseti Kiwanisklúbbsins Skjaldar, þá hefði klúbburinn fjölgað um ellefu félagar og í ár væri einnig nokkrir sem hefðu áhuga að ganga í klúbbinn.



- **Hjálmaverkefnið:** Haraldur Finnson flutti skýrslu hjálmanefndar og Haraldur fjallaði um hvernig hefði verið staðið að dreifingu hjálmana á landsvísu og hvernig hefði gengið að afhenda hjálmana þrátt fyrir að litaval þeirra hefðu fallið í grýttan jarðveg hjá mörgum. Haraldur las upp nokkur bréf frá klúbbum um afhendingu hjálmana og greinilegt að afhendingar höfðu tekist vel og allir ánægðir og þakklátir með hvernig að henni er staðið. Haraldur ræddi einnig um viðbrögð Reykjavíkurborgar varðandi gjöf hreyfingarinnar til barna í Reykjavík og nágrenni, en ekki gekk það átakalaust að fá að gefa börnum hjálma því einhverjir innan stjórnarsýslunnar töldu að óheimilt væri að þiggja gjafir af þessu tagi. Haraldur las upp tölvupóst frá einum skólustjóra þess efnis að fyrirtækjum væri óheimilt að gefa gjafir af þessu tagi. Sem betur fer var hægt að leiðrétta þennan misskilning og var hægt að lokum að gefa hjálma í skólum höfuðborgarinnar. Afhending gekk að mestu vel, en einn skóli fól foreldrafélaginu að sjá um afhendinguna af einhverri óljósri ástæðu og meinuðu kiwanisfélögum að sjá um afhendingu hjálmana. Að lokum tilkynnti Haraldur að ákveðið hefði verið á næsta ári að hafa hjálmana einungis í einum lit og væri það mikið ánægjuefni.
- **Styrktarsjóður:** Sæmundur H Sæmundsson flutti skýrslu sjóðsins í fjarveru formansins Björns Ágústar og lagði fram ársreikninga sjóðsins fyrir starfsárið 2012. Sæmundur sagði að „*Á síðasta þingi í Reykjanesbæ hefði sjóðurinn veitt 3 styrki alls að upphæð 1,2 miljónir. Frá þeim tíma hefur ekki verið styrkt, að öðru leiti en því að sjóðurinn hefur unnið áfram að heimsverkefninu. Þar hefur okkur gengið ágætlega og samstarf við klúbba nokkuð gott. Helst eru það stjórnur klúbbsins sem hafa selst, sérstaklega fram að síðustu áramótum. Á þessu ári hefur dregið mjög úr sölu á lager sjóðsins. Aðeins ein Hixonörða hefur verið pöntuð frá síðasta þingi.* Stjórn sjóðsins hefur átt fundi með UNICEF á Íslandi um að samtökin sameinist um að safna á landsvísu fyrir stífkramperkefnið. Tillögur um framkvæmd hafa að vera að mótast og á þinginu núna verður hópur þingfulltrúa sem mun ræða um þetta og koma með tillögur fyrir þingfund um framkvæmd þessarar söfnunar. Þá þarf að ræða um framtíð K-dags í þessu sambandi, þar sem hann ætti að vera á næsta ári. Enn hefur ekki verið

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanishjartað er allt sem þarf.**

*skipað í K-dagsnefnd og þá er spurningin hvort ekki sé orðið of seint að hefja undirbúning K-dags núna. Það er ljóst að hreyfingin verður ekki með K-dagssöfnun og stífkramperkefnið á sama tíma og sama ári.*

Einnig ræddi Sæmundur aðkomu styrktarsjóðs að kaupum á núverandi húsnæði hreyfingarinnar að Bíldshöfða 12. Einnig lagði Sæmundur fram tillögu að lagabreytingu um 5 grein styrktarsjóðs en hún er þannig: „Stjórn styrktarsjóðsins skipa 5 menn,formaður,ritari,féhirðir og 2 meðstjórnendur og skulu þeir kostnir á umdæmisþingi. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár. Kjósa skal 3 stjórnarmenn annað árið og 2 hitt árið. Það ár sem kostnir eru þrjú stjórnarmenn skal kjósa um formann,féhirðir og einn meðstjórnanda. Hitt árið skal kjósa um gjaldkera og annan meðstjórnanda. Kjósa skal formann sérstaklega.“

Breytingartillagan er eftirfarandi : „Stjórn styrktarsjóðsins skipa 3 menn,formaður,ritari og féhirðir og skulu þeir kostnir á umdæmisþingi.Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera tvö ár. Kjósa skal tvo varamenn með sama hætti. Kjörtímabil varamanna skal vera eitt ár. Kjósa skal til embættis sérstaklega.Stjórn sjóðsins skal semja við löggiltan endurskoðanda um umsjón og endurskoðun reikninga sjóðsins.“

Flutt var einnig eftirfarandi : „Ákvæði til bráðabirgða 2013. Kjósa skal féhirðir og einn meðstjórnanda til 1.árs, eða til umdæmisþings 2014,en þá verði kosið í þessi embætti til tveggja ára.“ Undir þessa breytingatillögu rita Sæmundur H Sæmundsson,Stefán R Jónsson og Eyjólfur Sigurðsson ?

***Reikningar styrktarsjóðs voru ekki samþykktir þar sem ársreikningur Styrktarsjóðs fyrir ársins 2012 virðist ekki vera réttur og því þurfi að fresta kosningu.***

## **Umræður um breytingatillöguna:**

Ragnar Örn kom upp og benti á að tillagan væri ekki rétt því greinilegt væri samkvæmt bókun á síðasta þingi að kjósa skildi kjósa féhirði og þrjú meðstjórnendur en ekki einn meðstjórnanda eins og fram komi í breytingatillögunni. Þar með væri breytingatillagan röng og því væri ekki hægt að kjósa um hana.

Sæmundur vildi breyta lagatillögunni í samræmi við bókun á síðasta þingi og ætti þá allt að vera samkvæmt samþykktum lögum sjóðsins. Einnig kom sú athugasemd fram að



samkvæmt nýju tillögunni væri búið að fella úr textanum „Stjórn sjóðsins skal semja við löggiltan endurskoðanda um umsjón og endurskoðun reikninga sjóðsins.“

Sæmundur taldi að hér væri um mistök að ræða og að sjálfsgöðu ætti þessi setning að vera í nýju breytingartillögunni.

### ***Breytingatillagan var samþykkt, en einn félagi var andvígur henni.***

Sæmundur kom í framhaldi af samþykkt tillögunnar með tillögu að nýrri stjórn styrktarsjóðs sem kosin væri og að í stjórn verði:

1. Formaður verði Ástbjörn Egilsson kosinn til tveggja ára
2. Ritari verði Árni H Jóhannesson Kötlu kosinn til tveggja ára
3. Meðstjórnandi verði Þröstur Jónsson Kötlu kosinn til tveggja ára
4. Féhirðir verði Arnar Ingólfsson Keili kosinn til eins árs
5. Meðstjórnandi verði Gísli Valtýsson Helgafelli kosinn til eins árs

### ***Tillagan að nýrri stjórn var samþykkt***

- **Kjör kjörumdæmisstjóra 2014-2015:** Hjördís tók það fram að enginn hefur boðið sig fram í embættið þrátt fyrir að umdæmisritari hafi sent tvívegis bréf þess efnis til klubbana. Þetta hafi einnig komið fyrir síðast og hafi þá verið skipuð þriggja manna nefnd til að fjalla um málið og lagði Hjördís til að slíkt hið sama yrði gert að þessu sinni.
- **Kynning á kjörumdæmisstjóra 2013-2014:** Gunnlaugur Gunnlaugsson úr Kiwanisklúbbnum Básun Ísafirði var einn í framboði.

### ***Kjör Gunnlaugs var staðfest með lófaklapp***

- **Staðfesting stjórnar 2013-2014**

Svæðisstjóri Ægissvæðis Jóhanna María Einarsdóttir

Svæðisstjóri Sögusvæðis Geir Þorsteinsson

Svæðisstjóri Óðinssvæðis Guðmundur Karl Jóhannesson

Svæðisstjóri Færeyjasvæðis Jörgin Jacobsen

Svæðisstjóri Freyjusvæðis Bjarni Vésteinsson

Erlendur ritari Tómas Sveinsson

Umdæmisféhirðir Eyþór Einarsson

Umdæmisritari Hildisif Björgvinsdóttir

Kjörumdæmisstjóri Gunnlaugur Gunnlaugsson

Umdæmisstjóri Dröfn Sveinsdóttir

Fráfarandi umdæmisstjóri Hjördís Harðardóttir.

## *Stjórnin var staðfest með lófaklappi fundarmanna*

- **Staðarval umdæmisþings 2014**

Konráð Konráðsson kom upp og kynnti staðarvalið, en næsta þing verður haldið í Kópavogi að þessu sinni. Glæsileg aðstaða er fyrir hendi og næg gistirými. Konráð sýndi nokkrar myndir af helstu mannvirkjum bæjarins svo sem kirkjunni sundlauginni og turninum.

- **Staðarval umdæmisþings 2016**

Hjördís kom upp og fór yfir stöðu mála varðandi staðarval, en bréf var sent í alla klúbba og óskað eftir staðarvali, en án árangurs. Ákvörðun um staðarval verður því frestað fram að næsta umdæmisstjórnarfundi sem haldinn verður í janúar 2014.

- **Gylfi Ingvarsson**

Formaður K-dagsnefndar bað Ragnar Örn að koma upp og taka við smá gjöf frá nefndinni, sem var innrammaðar upplýsingar um síðasta K-dag og að þessi mynd verði ekki minning um síðasta K-dag sem hreyfingin stóð að.

- **Niðurstaða umræðuhópa**

Skipt var í þrjá hópa sem voru fjölgunarmál, framtíð K-dags og stífkrapaverkefnið. Hjördís bað fulltrúa allra hópa að koma upp og fjalla um niðurstöður hópana.

Sæmundur H Sæmundsson kom fyrstur upp og var hann fulltrúi þeirra sem fjölluðu um framtíð K-dagsins, en hópurinn var á fimm borðum eða samtals 30 manns. Lagðar voru fram fimm spurningar fyrir hópana. Helstu niðurstöður voru að allir þátttakendur vilja halda áfram með K-daginn og að hann verði haldinn á þriggja ára fresti og einnig að vinna að geðverndarmálum, en í víðtækum skilningi og með breyttum formerkjum. Upp kom sú tillaga að safna fjármunum með nútímalegri hætti en áður hefur verið gert og nýta sér

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanishjartað er allt sem þarf.**

tæknina og gera það með svonefdu SMS söfnun. Margir samstarfsaðilar koma til greina sem samstarfsaðilar, eins og nemendahópar, félasamtök, íþróttarfélög, foreldrafélög of samtök eins og Regnbogabörn svo einhver séu nefnd.

Ekki var fjallað um niðurstöðu hinna hópana, en Hjördís nefndi að niðurstaða fjölgunarhópsins hefði komið fram í skýrslu Guðmundar Skarphéðinssonar.

- **Önnur mál**

Ragnar Örn kom upp með eftirfarandi þrjár tillögur sem hann lagði fyrir fundinn.

1. „Umdæmisþing samþykkir að beina því til umdæmisstjórnar að stofnað verði embætti markaðs- og kynningarstjóra Kiwanis. Hlutverk hans verður að halda utan um og stýra markaðssetningu Kiwanishreyfingarinnar og sjá um allr kynningarstarf hennar í umboði og í samstarfi við umdæmisstjórn“

**Greinargerð**

„Á undanförunum árum hafa verið starfandi nefndir á vegum umdæmisins til að sinna fjölgunarmálum, bæði svokallaðar fjölgunarnefndir og útbreiðslunefndir. Félagafjöldi í hreyfingunni hefur verið áhyggjuefni, sérstaklega hjá heimisstjórn sem tók ákvörðun fyrir 2 árum að breyta fullgildu umdæmi Ísland – Færeyjar í umdæmi í aðlögun, þar sem félagatala er komin undir eitt þúsund.

Það er staðreynd því miður, að raunfjöldinn hefur ekki orðið hjá hreyfingunni og við erum að nálgast 900 félaga í stað þess að komast yfir 1000 félaga markið.

Nýr markaðs og kynningastjóri breytir þessu ekki einn og sér, en hann á að hafa möguleika á því að fá til liðs við sig markaðsfyrirtæki til að markaðssetja hreyfinguna. Þetta kostar peninga og því er rétt að skoða hvort hluti af fjárhagsáætlun Kiwanisfrétta geti færst til þessa embættis ef útgáfu blaðsins verður breytt.“

2. „Umdæmisþing beinir því til umdæmisstjóra að kanna hvort hætta skuli útgáfu Kiwanisfrétta í því formi sem blaðið er gefið út í dag. Þess í stað verði fréttir settar reglulega inn á heimasíðu umdæmisins í formi rafrænna fréttar“

**Greinargerð:**

„Kiwanisfréttir eru gefnar út a.m.k. tvisvar á ári með ærnum kostnaði sem eykst með hverju ári. Blaðið hefur verið sent til allra kiwanisfélaga. Á undanförunum

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanishjartað er allt sem þarf.**

*árum hefur aðgengi fólks að ýmsu efni breyst með tilkomu netmiðla og hægt að koma efni og myndum á framfæri til félagsmanna með skjótum hætti rafrænt.*

*Kostnaður við útgáfu Kiwanisfrétta, 2 blöð á ári auk hluta kostnaðar við þingblað er um 1300 þúsund krónur og til að ná að mestu þeim kostnaði er gjald á hvern félaga um 1210 krónur“*

3. „ Umdæmisþing samþykkir að skipa þriggja manna nefnd sem í sitja þrjár síðustu umdæmisstjórar, Hjördís Harðardóttir, Ragnar Örn Pétursson og Óskar Guðjónsson sem hafi það hlutverk að endurskoða það form sem nú er á þinghaldi umdæmisins“

### **Greinargerð:**

*„ Á undanförunum umdæmisþingum hafa orðið umræður um hvort ekki sé tímabært að gera breytingar á þinghaldi og færa það í nútímalegra horf. Að sjálfsögðu verður farið eftir lögum varðandi þinghaldið, en allt þinghald, umræður og vinnuhópar verði gert áhugaverðara fyrir hinn almenna Kiwanisfélaga til að koma til þings, fylgjast með og taka þátt. “*

Kristján Andri Guðjónsson kom upp og ræddi um hækkun félagsgjalda, en hann telur að félagsgjöld hafi hækkað til félagsmanna um heil 20% og vildi hann fá skýringu á þessum hækkunum.

Atli Heiðar Þórssón kom upp og hafði eftir farandi skýringar á þessu. Fyrst og fremst væru fækkun félaga sem gerðu það að verkum að félagsgjöld aukast, kostnaður við umdæmisstjóra og gjöfum umdæmisstjóra. Einnig benti Atli á að ferðalög til Tókíó í Japan væru dýrari en ferðalög til Vancouver Kanada, sem gerðir þetta að verkum. Einnig er meiri kostnaður við svæðin og mikill meiri kosnaður fólgin að hafa svæðisstjóra t.d í Sögusvæði frá Höfn heldur en Mosfellsbæ.

### **Þingfundi frestað**

Hjördís Harðardóttir tók til máls og þakkaði fyrir ágætann fund og frestaði honum til klukkan 20:00

## Lokahóf í Frímúrarahúsinu í Hafnarfirði

Galaballið og þinglokin fóru fram í Frímúrarahúsinu í Hafnarfirði í glæsilegum húskynnum þeirra. Húsið var opnað kl 19.30 og þá hófu þingfulltrúar að mæta á svæðið, í létt spjall og fordrykk. Hjördís umdæmisstjóri setti fund eftir hlé og lét veislustjórn kvöldsins í hendurnar á Sæmundi Sæmundssyni sem stóð sig eins og hetja við veislustjórnina og allt sem því fylgir, kynningar og annað slíkt. Boðið var upp á þriggja rétta máltíð, sjávarréttir í forrétt, aðalrétturinn var lamb og síðan frábær eftirréttur og var gerður góður rómur af matnum, sem var mjög góður.

Að venju voru veittar viðurkenningar og þess ber að geta að Eldfell fékk bikar fyrir athyglisverðasta styrktarverkefnið, Eldey fékk fjölmiðlabikarinn en Ísgolfið fór mikinn í fjölmiðlum á starfsárinu, Askja fékk viðurkenningu fyrir athyglisverðasta styrktarverkefnið og Kaldbakur á Akureyri fékk fjölgunarbikarinn í ár. Umdæmisstjórahjónin Hjördís og Sigurpáll voru kölluð upp og fengu gjafir og þakkir fyrir vel unnin störf á starfsárinu. Að venju voru erlendum gestum þingsins gefnar gærur áritaðar af öllum þingfulltrúum og síðan var gamla og nýjastjórnin kallaðar fram á gólf og gefið hressilegt hvatningar lófatak og þakkargjafir.

Næst tóku þeir félagar Jogvan og Friðrik Ómar við keflinu og skemmtu gestum með söng og skemmtilegheitum við frábærar undirtektir viðstaddra. Að skemmt dagskrá lokinni sleit Hjördís umdæmisstjóri þingfundi og þá tók við dansleikur fram á nótt en það var hinn síungi Ólafur Þórarinnsson eða Labbi í Glóru eins og flestir þekkja hann sém hélt uppi stuðinu ásamt syni sínum, frábært kvöld í alla staði.

*Fundargerð ritaði:*

*Hörður Baldvinsson*

*Umdæmisritari 2012-2013*